

Helstu kröfur í reglugerðum sem snúa að framleiðendum lagarafurða og lifandi samloka

Reglugerð 102/2010 um gildistöku reglugerðar (EB) nr. 178/2002 um almennar meginreglur og kröfur

(EB) 178/2002 er í fylgiskjali I.

Kröfur um öryggi matvæla og ábyrgð stjórnenda matvælafyrirtækja, kröfur um rekjanleika og innköllun er settar fram í II kafla reglugerðarinnar.

Reglugerð nr.103/2010 um gildistöku reglugerðar (EB) nr.852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli

(EB) 852/2004 er í fylgiskjali 1

- Kafli II fjallar um skyldur stjórnenda matvælafyrirtækja (5 gr leggur grunninn að HACCP kröfunni)
- Kröfur til frumframleiðslu eru í viðauka I, 852/2004
 - Smábátar, ísfiskstogarátt, fiskeldi, skelfisktekja
- Almennar kröfur um hollustuhætti í matvælafyrirtækjum eru viðauka II 852/2004
 - Frystiskip, vinnsluskip, fiskmarkaðir, vinnslustöðvar.

Reglugerð nr.104/2010 um gildistöku reglugerðar (EB) nr.853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu auk áorðinna breytinga.

Viðauki A fjallar um matsreglur varðandi skynmat (viðauki 9 úr 233/1999)

(EB) 853/2004 er í fylgiskjali I.

- Kafli II fjallar um skyldur stjórnenda matvælafyrirtækja
- Viðauki II um auðkennismerki
- Viðauki III, VII. Þáttur um lifandi samlokur,
 - Kræklingaræktendur, veiðar á skeldýrum
- Viðauki III; VIII. Þáttur um lagarafurðir (fish and fishery products)
 - Fiskiskip, frystiskip, vinnsluskip, aflameðferð, vinnslustöðvar, heilbrigðiskröfur til lagarafurða, þökkun, geymsla og flutningur
- Viðauki III XIV. Þáttur um gelatín
 - Ef roð er selt til framleiðslu gelatíns sem á að fara til manneldis skal uppfylla þær kröfur sem settar eru fram til hráefnis, um flutning og geymslu hráefnis.

(EB) 2074/2004 er í fylgiskjali II.

- Viðauki II, 1. Þáttur um sjónrænar skoðanir til greiningar á sníkllum (sníkjudýr)

(EB) 1662/2006 er í fylgiskjali IV.

- Viðauki II breyting á 853/2004 III kafla VIII. Þáttur. Settar eru fram kröfur í nýjum lið E. lið um hráefni sem nota á í fisklýsi sem er ætlað til manneldis.

Reglugerð nr.135/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (EB) nr. 2073/2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli

Settar hafa verið matvælaöryggisviðmiðanir um matvæli tilbúin til neyslu, soðna krabba og lindýr, lifandi samlokur og lifandi skrápdyr, möttuldýr og snigla og lagarafurðir sem innihalda histidin. (sem geta myndað histamine) Einnig hafa verið settar viðmiðanir um hollustuhætti í framleiðsluferlinu fyrir skelflettur og úrskeljaðar afurðir úr soðnum kröbbum og lindýrum. Framleiðendur þurfa að kynna sér þessar viðmiðanir og sýna fram á að þær séu uppfylltar.

Athuga einnig kröfur í 108/2010 um gildistöku 1774/2002 um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis.